

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Ísfélag FES Vestmannaeyjar



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	7.3.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Ísfélag FES	<b>Eftirlitsmaður</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Strandvegi 29	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	660169-1219	<b>Flokkur</b>	Fiskimjölsverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Páll Scheving	<b>ÍSAT nr.</b>	15.20.7 Mjöl og lýsisv.
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Bragi Júlíusson	<b>Staðsetning</b>	436690,981 326978,971

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust. Ein athugasemd var gerð.

## UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá:

- Síðastu eftirlitsskýrslur;
  - brennsluólía, frárennslismælingar, botnþykktarmælingar geyma, útblásturshraði og ryk í útblæstri
- Skiladagar samkvæmt starfsleyfi;
  - heildarúttekt á frárennsli skv. grein 5.2 í starfsleyfi og þrýstiprófanir olíufylltra lagna
- Yfirferð yfir aðrar kröfur í starfsleyfi
- Skoðunarferð um verksmiðjuna og samantekt

Fundað var með Páli Scheving verksmiðjustjóra og tengilið við Umhverfisstofnun. Vinnsla á loðnu stóð yfir á meðan eftirlitið fór fram. Enn er notuð verksmiðjuólía á olíubrennara. Verksmiðjuólía er blanda af úrgangsolía og svartolíu. Til skoðunar er hjá Umhverfisstofnun hvort brennsla olíunnar teljist frávik og gerir stofnunin ráð fyrir að sýnataka og/eða frekari athugun fari fram á næstu vikum.

Með nýju hreinsivirki í fráveitu hefur náðst góður árangur í hreinsun frárennslisins. Í eftirliti 2016 var gerð athugasemd við hátt gildi fyrir COD (efnafræðilega súrefnisþörf) en mælingar á síðasta ári sýna að hreinsivirkið er að skila sínu og nú eru allar mælingar undir þeim mörkum sem sett eru í starfsleyfi.

Í síðasta eftirliti (2016) var fundið að því að olíugeymir (1500 m<sup>3</sup>) hafði ekki verið botnþykktarmældur eins og tilskilið er. Mælingar á geyminum hafa nú borist og eins þrýstiprófanir á 2" og 6" olíulögnum félagsins.

Rætt var um útblástursmælingar. Mælingar á ryki í útblæstri í skorsteini frá mars 2016 sýna að ryk er yfir kröfum í starfsleyfi, eða 493 mg/Nm<sup>3</sup> (katlinum hefur verið skipt út fyrir nýjann ketil) og 110 mg/Nm<sup>3</sup>. Það er frávik frá kröfum í starfsleyfi. Umhverfisstofnun hefur borist bréf frá Félagi íslenskra fiskimjölsframleiðanda þar sem stungið er upp á nýrri aðferð við að takmarka ryk í útblæstri en stofnunin hefur ekki tekið afstöðu til þess enn.

Útblásturshraði verksmiðjunnar nær ekki tilskildum mörkum, en starfsleyfi setur lágmarkshraða útblásturs sem 20 m/s. Útblásturshraði í útblæstri olíukatla mældist í mars 2016, 11,1 m/s og 9,7 m/s. Þetta er frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engar kvartanir vegna lyktar hafa borist lengi enda meðferð hráefnis sífellt betra og búnaður skipanna einnig. TVN-gildi hráefnis mældist hæst 58. Rekstraraðila var bent á að í grein 2.13 í starfsleyfi getur Umhverfisstofnun samþykkt lægri lofthraða, en þá þarf rekstraraðili að leita til fagaðila til að reikna út mögulegt loftdreifilíkan og rökstyðja með þeim hætti að minni lofthraði í strompi hafi ekki aukin umhverfisáhrif.

Í grein 5.2 í starfsleyfi er krafa um heildarúttekt á frárennsli. Þessu er ætlað að fá mat á álagi á viðtaka í sjó og eins að áætla magn hráefna sem tapast út með fráveituvatninu. Skilafrestur í starfsleyfi er 1. maí 2016 en rekstraraðili hefur fengið frest til 1. maí 2017 þess að skila úttektinni.

Nú var farið yfir aðrar kröfur í starfsleyfi og skiladaga. Grænt bókhald og útsteymisbókhald hafa skilað sér svo og hljóðmælingar og eru ekki gerðar athugasemdir við þetta. TVN skýrslur berast og skal skila þeim eftir hverja vertíð. Umhverfismarkmið hafa verið sett í fyrirtækinu en unnið er að innleiðingu þeirra í daglegan rekstur.

Skoðaðar voru áætlanir um frágang vegna rekstrarstöðvunar og viðbragðsáætlun. Fram kom að lekavarnarþró verksmiðjunnar væri svo stór að ekki þrfti að nýta ákvæði í grein 2.21 um æfingar með flotgirðinu í höfninni.

Úrgangur er flokkaður samkvæmt þriggja tunnu kerfi og þjónustar Kubbur ehf. rekstraraðila með tæmingu tunna. Málmur er seldur og fitugildirur og olíuskiljur eru tæmdar þegar þjónustuaðili kemur til Vestmannaeyja. Kvittanir eru gefnar út og greitt í samræmi við þyngd.

Nú var farið í skoðun. Bragi Júlíusson verkstjóri bættist í hópinn. Farið var um mjölvinnslu og áfram gengið um verksmiðjuna og áfram yfir í lekavarnarþró sem stendur bakatil á lóðinni. Niðurföll í þrónni skulu tengjast olíuskilju og á lögninni þangað skal vera loki sem stendur lokaður nema þegar uppsafnað vatn (rigningavatn) er tæmt úr þrónni. Bragi tók að sér að bæta í varðandi þjálfum starfsmanna með olíumannvirkjum félagsins og koma þjónustu (tæmingu) við olíuskiljuna inn í viðhaldsbókhaldið.

Nú var gengið um nýlegt hreinsivirki félagsins sem samanstendur af tvöföldum síubúnaði og fleytikörum (redox skiljum). Vandað mannvirki sem skilar sínu.

Allsstaðar var snyrtilegt um að lítast.

Að lokum var litið á útfall fráveitu utan við Eiði.

#### Frávik frá

ákvæði í grein 2.9 í starfsleyfi. Losunarmörk fyrir ryk frá olíubrennara er 100 mg/Nm<sup>3</sup>.

#### Lýsing á fráviki

Við mælingar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í mars 2016 mældist ryk í útblæstri yfir mörkum í starfsleyfi.

ákvæði í grein 2.13 í starfsleyfi. Hraði útblásturslofts úr skorsteini skal ekki vera minni en 20 m/s til þess að koma í veg fyrir niðurdrátt.

Við mælingar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í mars 2016 mældist hraði útblásturslofts úr skorsteini undir kröfum í starfsleyfi. Reiknað gildi fyrir sameinaðan útblástur var um 12 m/s.


#### ATHUGASEMDIR

Loki í frárennsli frá þró um olíugeyma félagsins skal standa lokaður og þjálfar skal starfsmenn í umgengni um olíumannvirki.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 01.06.2017



Gottskálk Friðgeirsson